



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingu áforma um endurbætur á framleiðslueldhúsi

Á fundi velferðarráðs þann 13. ágúst 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 11. ágúst 2026, um breytingu áforma um endurbætur á framleiðslueldhúsi:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að hætta við áform um endurbætur á framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi og haldi áfram að fá þriðja aðila til að sjá um framleiðslu máltíða.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstreisins. Fulltrúi Miðflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti velferðarráðs styður þær breytingar sem lagðar eru til á rekstri matarþjónustu velferðarsviðs. Matarþjónusta er mikilvægur hluti þjónustu við eldra fólk og fatlað fólk og meginmarkmiðið hlýtur ávallt að vera að tryggja örugga, góða og hagkvæma þjónustu. Rekstur framleiðslueldhússins á Vitatorgi hefur um árabil verið þungur og farið verulega fram úr fjárheimildum. Jafnframt liggur fyrir að endurbætur á eldhúsinu myndu kosta að lágmarki 500 m.kr. án þess að leysa undirliggjandi rekstrarvanda. Við þær aðstæður er ekki forsvaranlegt að ráðast í svo umfangsmikla fjárfestingu þegar unnt er að tryggja þjónustuna með öðrum hætti. Með áframhaldandi kaupum á máltíðum frá sérhæfðum aðila og útboði á dreifingu þeirra er stefnt að öruggari, skilvirkari og hagkvæmari þjónustu. Samhliða er nauðsynlegt að bregðast við þeirri staðreynd að núverandi gjaldskrá hefur verið langt undir kostnaðarverði. Breytt og einfaldari gjaldskrá ásamt hagræðingu í rekstri miðar að því að koma matarþjónustunni á sjálfbærari rekstrargrundvöll til framtíðar.

Fulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt til að falla frá nýlega samþykktum áformum um endurbætur á framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi og útvista þess í stað þjónustunni til einkaaðila. Ljóst er að hér ræður pólitísk hugmyndafræði nýs meirihluta Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Viðreisnar för en ekki faglegar forsendur enda er engin greining lögð fram með samanburði á og göllum mismunandi rekstrarforma með tilliti til þjónustustigs, verðlags eða kostnaðar fyrir borgina. Brýnt er að nýta þjónustukannanir sem gerðar hafa verið meðal skjólstæðinga matarþjónustunnar á Vitatorgi og í núverandi fyrirkomulagi. Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur áherslu á að mikilvægt er að taka sérstakt tillit til gæða þjónustunnar en borgin hefur mótað





og fylgt vandaðri matarstefnu með áherslu á hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat í skólum og velferðarþjónustu borgarinnar, sem taki mið af mismunandi þörfum notenda þjónustunnar. Nauðsynlegt er að staðinn verði vörður um þær gæðakröfur áfram.

Fulltrúi Vinstreisins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um mikla stefnubreytingu að ræða. Farsælla væri að halda sig við fyrri áform um uppbyggingu framleiðslueldhússins á Vitatorgi, þannig að starfsemin og þekkingin á því að framleiða mat samkvæmt ákveðnum stöðlum haldist innan borgarinnar. Kostnaðarsamara er að reiða sig á kaup á máltíðum af utanaðkomandi aðila og þá felst einnig áhætta í því að reiða sig með ríkum hætti á utanaðkomandi aðila.

Fulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Dagskrárliðir 2-4 fela í sér heildarpakka um breytingar á þjónustu við eldra fólk. Velferðarráðsfulltrúi Miðflokksins er ekki sannfærður um ágæti þessara tillagna, þótt þær séu um sumt rökréttar. Sem dæmi er hækkun á gjaldskrá veitinga og fæðis til eldra fólks afar há, eða sem nemur tugum prósent. Einnig er óljóst, hvort það sé skynsamlegt, til lengri tíma, að hætta rekstri framleiðslueldhússins á Vitatorgi. Reykjavíkurborg ber skyldur gagnvart hagsmunum eldra fólks og þar skiptir matarþjónusta, bæði heimsendur matur og á félagsmiðstöðvar eldra fólks, töluverðu máli. Í ljósi þessara skyldna borgaryfirvalda er ekki víst að útvistun þjónustunnar sé æskileg, þegar málið er hugsað til langs tíma. Það liggur ekki fyrir að þessar breytingar hafi verið undirbúnar þannig að talsmenn notenda hafi fengið að tjá sig um þær, svo sem öldungaráð Reykjavíkurborgar. Með hliðsjón af þessum efasemdum, jafnvel þótt breytingarnar kunni að vera til bóta fyrir rekstur borgarinnar til skemmri tíma, situr fulltrúinn hjá í þessum matarpakka núverandi meirihluta borgarstjórnar.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingu áforma um endurbætur á framleiðslueldhúsi, lögð fram á fundi velferðarráðs 13. ágúst 2026.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breyting áforma um endurbætur á framleiðslueldhúsi

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að hætta við áform um endurbætur á framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi og haldi áfram að fá þriðja aðila til að sjá um framleiðslu máltíða.

Greinargerð:

Skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eiga sveitarfélög að sjá um heimsendingu matar í þjónustu við eldra fólk. Skv. lögum um málefni aldraða nr. 125/1999 skal í þjónustuíbúðum vera boðið upp á mat.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur rekið framleiðslueldhús á Vitatorgi á Lindargötu 59 frá árinu 1997 og þar hefur verið framleiddur annars vegar hraðkældur matur sem sendur er til fólks í heimahúsum og hins vegar hádegismatur fyrir íbúa í þjónustuíbúðum og þá sem sækja félagsmiðstöðvar borgarinnar. Að meðaltali voru eldaðar um 930 máltíðir á dag.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur í gegnum tíðina framkvæmt reglulegt eftirlit á framleiðslueldhúsinu og þann 19. október 2023 var niðurstaðan sú að húsnæðið uppfyllti ekki lengur kröfur sem gerðar eru til framleiðslueldhúss af þessu tagi. Veitt var starfsleyfi til 6. mars 2025 á grundvelli fyrirhugaðra úrbóta. Í eftirlitsferð þann 20. febrúar 2025 kom í ljós að ástand húsnæðisins var enn óviðunandi og ekki talið unnt að tryggja fullnægjandi matvælaöryggi. Heilbrigðiseftirlitið veitti þá tímabundið starfsleyfi til 27. ágúst 2025 og tók fram að ekki yrði veitt frekara starfsleyfi fyrir óbreytta starfsemi á Vitatorgi.

Staða húsnæðismála framleiðslueldhússins var til umfjöllunar á fundum velferðarráðs 11. júní, 18. júní, 3. desember og 17. desember 2025 og 21. janúar 2026. Á fundi velferðarráðs þann 18. júní 2025 var samþykkt að stofna aðgerðahóp til að undirbúa flutning eldhússins. Aðgerðahópurinn kannaði bæði húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu með fullbúnu eldhúsi, en engin slík aðstaða reyndist tiltæk. Einnig voru skoðaðir möguleikar á að leigja húsnæði og innrétta þar nýtt eldhús, en sá kostur sem talinn var hentugastur var metinn of kostnaðarsamur. Jafnframt var skoðaður sá kostur að ráðast í breytingar á Vitatorgi með því að stækka og innrétta nýtt framleiðslueldhús í núverandi matsal og færa matsalinn upp um eina hæð. Á fundi velferðarráðs þann 21. janúar 2026 var samþykkt að velja þann kost og jafnframt tryggja samning við þriðja aðila, sem uppfyllir kröfur samkvæmt matvælaöryggiskerfinu HACCP III, á meðan á framkvæmdum stæði.

Í kjölfarið samþykkti velferðarráð þann 4. mars 2026 og borgarráð þann 5. mars 2026 útboð á máltíðum sem áður voru framleiddar í framleiðsluhúsinu. Núverandi samningur gildir til 29. febrúar 2028 og heildarverð hans er 1.485.180.999 kr. með vsk.



Í framhaldi af ákvörðuninni tók umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu (SFF) við verkefnastjórn á framkvæmdunum. Í fjárfestingaráætlun 2026 eru áætlaðar 50 m.kr. vegna undirbúnings og hönnunar, en undirbúningur er ekki hafinn. Fyrst að lokinni hönnun mun liggja fyrir nákvæm kostnaðaráætlun, en gróft mat gerir ráð fyrir tæpum 500 m.kr. í framkvæmdakostnað. Áætlað hefur verið að hönnun taki um sex mánuði og framkvæmdir átta til tólf mánuði. Ef verkefnið myndi hefjast í lok þessa árs væri hægt að áætla að því gæti verið lokið í fyrsta lagi um mitt ár 2028.

Auk matvælaöryggis tengjast helstu áhættuþættir í matarþjónustu mönnun, rekstri, þjónustugæðum og fjárhag. Með markvissri áhættustýringu er hægt að tryggja örugga og skilvirka þjónustu og eftir ítarlega yfirferð á áhættuþáttum þess að velferðarsvið sjái um framleiðslu matarins er það mat velferðarsviðs að rekstur framleiðslueldhússins sé betur borgið hjá fyrirtæki á matvælamarkaði sem hefur sérhæft sig í matargerð og uppfyllir kröfur samkvæmt matvælaöryggiskerfinu HACCP III. Með því móti væri jafnframt komið í veg fyrir umtalsverð auka fjáruálag vegna framkvæmda á Vitatorgi.

Rekstur í framleiðslueldhúsi við Lindargötu hefur verið erfiður, en á síðustu þremur árum hefur eldhúsið farið langt fram yfir fjárheimildir og ekki hefur gengið að ná hallanum niður þar sem gjaldskrárhækkanir hafa verið vægar og hráefnis- og launakostnaður hefur hækkað gríðarlega.

Árið 2023 fór framleiðslueldhúsið 117 m.kr. yfir fjárheimildir, 42 m.kr. á árinu 2024 og 69 m.kr. á árinu 2025. Staðan á árinu 2026 er því mjög brýn. Eftir að gerður var samningur við Krydd og Kavíar ehf. var farið í skipulagsbreytingar á eldhúsinu þar sem 14,55 stöðugildum var sagt upp þar sem ekki var lengur um að ræða starfandi framleiðslueldhús, heldur aðeins móttökueldhús á Vitatorgi og dreifingaraðila. Þrátt fyrir uppsagnir er uppgjörskostnaður hár, ásamt því að kostnaðarsamara er að kaupa máltíðirnar inn af þriðja aðila.

Ef gert er ráð fyrir að kaupverð velferðarsviðs fyrir hverja máltíð sé heildarrekstrarkostnaður deilt með fjölda seldra máltíða hefur hlutfall niðurgreiðslu velferðarsviðs verið metið í kringum 50% síðastliðin 3 ár. Þó eru tekjur vegna aksturs hér ekki teknar með, en tekjur af akstri hafa dugað fyrir rekstri bifreiðanna, en ekki launa bílstjóra sem teljast þá sem kostnaður sem deilist á allar máltíðir.

Sjá má þróun kaupverðs áður en samningur tók gildi við Krydd og Kavíar í samanburði við gjaldskrá velferðarsviðs á Töflu 1. Hér ber þó að hafa í huga að kaupverð getur lækkað ef seldum máltíðum fjölgar vegna þeirrar stærðarhagkvæmni sem getur myndast við eigin framleiðslu. Þegar seldum máltíðum hins vegar fækkar mun kaupverð hækka fyrir hverja máltíð og í því felst veruleg rekstrarleg áhætta.

Tafla 1

Kaupverð fyrir hverja máltíð með launum og rekstrarkostnaði ásamt gjaldskrá 2023-2026

Ár	Kaupverð	Söluverð	Akstur	% VEL án aksturs
2023	1.849	895	245	52%
2024	1.907	940	255	51%
2025	2.088	970	260	54%
2026	2.140	1.100	325	49%



Þegar horft er til samnings við Krydd og Kavíar er áætlað að kaupverð hvernar máltíðar sé í kringum 2.846 kr. Miðað við núgildandi gjaldskrá á árinu 2026 nemur það niðurgreiðslu upp á 61%. Vert er að taka fram að umsýslukostnaður á sér stað vegna starfseiningarinnar á Vitatorgi sem er falinn þar mikil vinna við reksturinn fer er að miklu leyti fram miðlægt á skrifstofu velferðarsviðs, t.a.m. reikningagerð, mannauðsmál, fjármál og aðkoma skrifstofu öldrunarmála að rekstrinum.

Með fjárfestingu upp á tæpar 500 m.kr. væri því verið að fjárfesta í mjög óhagkvæmum rekstri fyrir velferðarsvið. Því er lagt til að samhliða gjaldskrárhækkunum verði hætt við áform um endurbætur á húsnæði á Vitatorgi og þess í stað verði unnið að því að koma rekstri matarþjónustunnar í jafnvægi.